

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2011 í máli nr. S-6/2011:

Ákærvaldið

(Einar Laxness aðstoðarsaksóknari)

gegn

A

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

I

Málið, sem dómtekið var 15. mars síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 11. janúar 2011 á hendur „A, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 3. apríl 2010 utandyra við skemmtistaðinn Glaumbar í Tryggvagötu í Reykjavík, sparkað í B, kt. 000000-0000, sem var í tökum dyravarða með þeim afleiðingum að B hlaut rifbeinsbrot og mar á brjósti og síðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981 og 111. gr. laga nr. 82, 1988.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Framangreindur brotapolí krefst bóta úr hendi ákærða að fjárhæð 251.035 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 2010, en með dráttarvöxtum frá því að mánuður er liðinn frá því að ákærða var birt krafan til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

II

Brotapoli kærði ákærða til lögreglu fyrir líkamsárás 7. apríl 2010. Kvaðst hann hafa ætlað inn á skemmtistaðinn aðfaranótt 3. apríl ásamt unnustu sinni. Hann fór inn en henni var ekki hleypt inn vegna þess að hún var skilríkjalaus. Hann hafi þá farið aftur út og á leiðinni hafi hann hrasað og í framhaldinu átt orðaskipti við dyravörð er hafi æst sig upp. Í framhaldinu kvaðst brotapoli hafa ýtt við súlu með keðju og þá hafi þrír dyraverðir komið að sér og hent sér í götuna og haldið sér þar í tökum þar til lögreglan kom. Meðan hann lá í götunni hafi ákærði sparkað í sig nokkrum sinnum.

Lögreglan yfirheyrði ákærða sem neitaði sök. Hann kvað brotþola hafa reynt að kýla sig í andlitið og hafi hann og aðrir dyraverðir tekið brotþola og haldið honum í tökum á gangstéttinni þar til lögreglan kom. Ákærði neitaði að hafa sparkað í brotþola og taldi líklegast að hann hefði meitt sig við að falla.

Lögreglan hafði tal af unnustu brotþola og öðru vitni sem báru á svipaðan hátt og brotþoli. Einnig var haft tal af dyravörðum sem báru á sömu lund og ákærði.

Brotapoli fór á slysadeild og samkvæmt vottorði þaðan var hann með mar á brjósti, opið sár á olnboga og fingri, yfirborðsáverka á framarmi og rifbrot. Í vottorðinu segir að áverkarnir geti vel komið heim og saman við að sparkað hafi verið í brotþola eða hann sleginn í brjóstakassann.

III

Ákærði neitaði sök. Hann kvaðst hafa verið við störf á Glaumbar í umrætt sinn þegar piltur og stúlka hafi komið og viljað fara inn. Hann kvaðst hafa beðið stúlkuna um skilríki og þegar hún sagðist ekki hafa þau hafi hann sagt henni að hún gæti ekki farið inn. Stúlkan hafi tekið þessu illa og farið að æpa á sig. Kærasti hennar hafi farið að hóta sér og ýta við sér og kvaðst ákærði hafa ýtt honum frá sér en hann hafi hjólað í sig aftur. Ákærði kvað starfsfélaga sinn þá hafa stöðvað hann og tekið hann niður. Dyravörður á næsta stað sá hvað um var að vera og kom þeim til aðstoðar. Kærastanum var haldið á gangstéttinni og reyndu kærastan og vinir að losa hann. Kvaðst ákærði hafa reynt að halda þeim frá svo og fólki sem kom að. Kærastan hafi reynt að berja einn dyravarðanna og hafi einn þeirra reynt að róa hana. Í því hafi lögreglan komið og ætlað að taka ákærða sem hafi barist á móti. Ákærði kvaðst engin spörk hafa séð og þeir brotþoli hafi ekki snert hvor annan nema í upphafi þegar brotþoli hafi reynt að kýla sig og hann ýtt honum frá sér.

Brotapoli bar að hafa verið að skemmta sér þessa nótt ásamt kærustu sinni og hafi þau ætlað á Glaumbar. Ákærði hafi neitað henni um aðgang en hann hafi þá verið kominn inn og hafi hún kallað á sig og ákærði síðan komið og sótt sig. Þegar þeir voru komnir út hafi ákærði vísað sér í burtu. Brotapoli kvaðst hafa verið mjög ölvaður og þegar hann var kominn út af staðnum hafi hann tekið í súlu, sem þar var,

og fellt hana um koll. Þá hafi dyraverðir komið hlaupandi og skellt sér í jörðina. Hafi hann fallið fram yfir sig og komið með hendurnar í jörðina. Þá hafi verið sparkað í sig og hafi það verið ákærði sem gerði það. Enginn annar hafi verið þar í kring sem gæti hafa sparkað í sig. Skömmu síðar hafi lögreglan komið og tekið sig í sínar vörslur. Fyrst hafi hann verið færður á lögreglustöð og síðan á slysadeild. Brotapoli kvaðst ekki muna eftir orðaskiptum við ákærða. Hann kvað um 30 manns hafa verið þarna í kring og þar á meðal kærustu sína. Brotapoli kvaðst enn eiga við afleiðingar meiðslanna að stríða. Hann neitaði að hafa reynt að slá til ákærða.

Maður sem er kunningi brotþola og var þarna þessa nótt kvaðst hafa séð brotþola liggja í götunni og hefðu tveir dyraverðir haldið honum. Skömmu síðar hefði lögreglan komið. Hann kvaðst ekki hafa séð átök, hvorki spörk né annað, en sér hefði fundist fullharkalega tekið á brotþola.

Kærasta brotþola bar að hafa ætlað inn á Glaumbar ásamt ákærða. Hún hafi ekki fengið að fara inn og því kallað til brotþola, sem hafi komið og þau gengið saman út. Þegar þau voru að fara út hafi brotþoli ýtt í súlu sem hafi fallið um koll og þá hafi allt orðið vitlaust og dyraverðirnir tekið brotþola. Brotþoli hafi ekki veitt mótspyrnu heldur leyft dyravörðunum að leggja sig í götuna. Eftir það hafi ákærði sparkað fjórum til fimm sinnum í síðu brotþola hægra megin. Meðan á spörkunum stóð hafi einn eða tveir dyraverðir haldið brotþola. Hún kvaðst hafa beðið dyraverðina að hætta en því hafi ekki verið sinnt.

Kona, sem var á vettvangi og kvaðst ekki hafa neytt áfengis, bar að hafa verið fyrir utan staðinn og orðið vör við að stúlka komst ekki inn á hann. Brotþoli hafi þá orðið ósáttur og fellt niður handrið og þá hafi dyraverðirnir hjólað í hann. Þeir hafi tekið hann og lagt í jörðina og síðan hafi högginn dunið á honum varnarlausum. Dyraverðirnir hafi verið tveir eða þrír. Tveir hafi haldið honum niðri meðan sá þriðji hafi sparkað í bók hans en ekki vissi hún hver það var sem sparkaði og ekki þekkti hún ákærða í dómsalnum. Þá kvaðst hún ekki geta sagt til hve mörg spörkin voru. Konan kvaðst ekki þekkja brotþola og kærustu hans heldur hafi hún verið í fylgd með kunningjafólki þeirra. Hún kvaðst ekkert hafa skipt sér af þessu en rætt við lögreglumenn þegar þeir komu á vettvang.

Dyravörður á veitingastað við hlið Glaumbars, sem kom dyravörðum þar til aðstoðar umrædda nótt, bar að hafa heyrt læti við Glaumbar og farið þangað. Þegar hann kom voru dyraverðirnir á Glaumbar að taka einn mann niður í jörðina. Dyravörðurinn kvaðst hafa sett manninn í fótalás og haldið honum þar til lögreglan kom. Hann kvaðst hvorki hafa orðið var við högg eða spörk meðan hann var þarna. Þá kvaðst hann ekki muna hvor dyravarðanna af Glaumbar hafi haldið manninum með sér og hvor þeirra hafi verið að bægja fólki frá, þar á meðal kærustu þess sem haldið var.

Starfsfélagi ákærða bar að hafa staðið við hlið ákærða þegar hann neitaði stúlku um aðgang. Í því hafi kærasti stúlkunnar komið út af Glaumbar og hafi hann reiðst því að hún hafi ekki fengið að fara inn og sagt eitthvað við ákærða. Í framhaldinu hafi kærastinn ráðist á ákærða og kvaðst starfsfélaginn þá hafa blandað sér í málið og tekið kærastann niður. Dyravörður af nágrannaskemmtistað hafi svo komið og aðstoðað sig við að halda kærastanum niðri. Vinafólk kærastans hafi reynt að trufla dyraverðina í störfum sínum en svo hafi lögreglan komið og handtekið kærastann.

Spurður hvort hann hafi séð kærastann verða fyrir spörkum kvaðst hann ekki vita það, en hann hafi ekki séð neinn sparka. Þá tók hann fram að mikill múgur hafi verið í kringum þá. Dyravörðurinn kvaðst hafa haldið höndum kærastans en dyravörður af næsta stað hafi haldið fótunum. Ákærði hafi verið að reyna að halda fólki frá þeim.

Lögreglumaður sem kom á vettvang bar að hafa rætt við brotþola á vettvangi eftir að dyraverðir höfðu losað tök sín á honum. Hann kvað manninn hafa kvartað yfir verkjum og harðræði dyravarða. Maðurinn var ölvaður og framburður hans óljós, en þó hafi hann sagst hafa fellt niður staur og þá hafi dyraverðirnir tekið hann niður.

Annar lögreglumaður bar að hann myndi lítið eftir atvikum annað en að maður og kona hefðu verið flutt á lögreglustöð. Maðurinn hafi verið mjög æstur en ekki mundi lögreglumaðurinn hvort hann hafi talið sig hafa orðið fyrir árás. Þá kvað hann manninn hafa verið mjög ósáttan, eiginlega reiðan, en ekki gat hann borið frekar um það.

Þriðji lögreglumaðurinn (kona) bar að lögreglan hafi verið kölluð að staðnum vegna slagsmála. Þegar lögreglumenn komu á vettvang voru dyraverðir með brotþola, sem þeir sögðu hafa verið með ólæti, í tökum. Brotþoli var færður inn í lögreglubíl af félögum lögreglumannsins, en hún ræddi við vitni sem sögðu að dyraverðir hefðu gengið of hart fram og sparkað í brotþola. Kærasta brotþola var þarna líka og var í miklu uppnámi. Lögreglumaðurinn kvað vitnin hafa talað um að erlendur dyravörður hefði sparkað í brotþola. Hún kvaðst hafa talað við tvö vitni, Arnar og Elvu, en ekki taldi hún þau hafa nefnt að dyravörðurinn væri erlendur. Hún kvaðst ekki hafa rætt við dyravörðinn, það hafi félagar hennar gert. Brotþoli hafi verið blóðugur og lemstraður og reiður. Hann kvað hafa verið sparkað harkalega í bringuna á sér. Þá hafi hann og kvartað yfir verkjum í höndum.

Læknir sem gaf framangreint vottorð staðfesti það. Hann kvað brotþola fyrst hafa verið greindan með mar en síðan hafi komið í ljós að hann var rifbrotinn. Læknirinn kvað áverka brotþola koma heim og saman við að sparkað hafi verið í hann í síðuna að aftan. Þá kvað hann hugsanlegt að áverkinn hefði komið af því að brotþola hefði verið skellt í götuna.

IV

Ákærði neitaði sök en brotþoli og kærasta hans bera bæði að hann hafi sparkað í brotþola eins og rakið var. Þá ber annað vitni að dyravörður hafi sparkað í brotþola en ekki gat þetta vitni borið um það hvort ákærði var þar að verki. Loks bar lögreglumaður, sem kom á vettvang og ræddi við vitni, að þau hafi skýrt sér frá því að erlendur dyravörður hafi sparkað í brotþola. Á vettvangi voru 3 dyraverðir og var ákærði sá eini þeirra sem er erlendur. Þegar þetta er virt er það niðurstaða dómsins að sannað sé með framburði þessara vitna, gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um það sem honum er gefið að sök í ákæruskjalinu og er þar rétt fært til refsíákvæðis.

Ákærði hefur hreint sakavottorð. Refsing hans er hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi sem bundin skal skilorði eins og í dómsorði segir.

Brotapoli krefst miskabóta að fjárhæð 250.000 krónur og 1.035 króna vegna útlagðs kostnaðar. Miskabótakröfunni er í hóf stillt og brotapoli hefur lagt fram gögn til stuðnings kröfu sinni um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola umkrafða fjárhæð með vöxtum og málskostnað eins og greinir í dómsorði. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan 16. september 2010 og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns sem ákveðast að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, A, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins fyrir ákærða, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði B 251.035 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. apríl 2010 til 16. október 2010 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 100.400 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 27.600 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 150.600 krónur.

Arngrímur Ísberg.